

Nesfréttir

JÚNÍ 2020 • 6. TBL. • 33. ÁRG. • www.borgarblod.is

Erum einnig á vísir.is



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

TRÍÓ
PIZZUR MÁNAÐARINS



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



**Haga-
vagninn**

- Hofsvallagata 52 -

Söguleg stund

Söguleg stund var á Kópavogsvelli þann 14. júní þegar Grótta steig sín fyrstu skref í Pepsi Max deild karla. Staðan var 1-0 fyrir Blikum í hálfleik en lokatölur urðu 3-0.

Strákarnir börðust til síðustu mínútu og voru manni færri síðasta hálf tíma leiksins eftir að Arnar Þór fékk að líta rauða spjaldið. Stuðningsmennirnir lögðu sig alla fram við að halda stemmingunni uppi í stúkunnni sem er ekki síður mikilvægt. Gaman var að sjá hvað margt Gróttufólk lagði leið sína á völinn til að styðja við bakið á strákunum í sínum fyrsta leik. Mætingin leggur góða línu fyrir sumarið!

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is

Hægt er að lesa Nesfréttir inná vísir.is

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og
skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30



Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnurnum annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Smáviðgerðir

Samhlöða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Draghals 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

**KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN**

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Erfitt verkefni en göfugt

Fótboltasumarið er hafið. Gróttu leikur í fyrsta skipti í úrvalsdeild karla í knattspyrnu. Ljóst er að Gróttustrákarnir eiga erfitt verkefni fyrir höndum. Þeir eru nýliðar í deildinni og þurfa að etja kappi við sterk lið – lið á borð við Valsmenn og KR-inga.

Engu að síður er ástæðulaust fyrir Gróttuliðið að örvænta. Það er skipað góðum mönnum sem kunna sitt fag með ágætum. Markmið þeirra þarf ekki að vera á toppnum. Heldur að halda sæti sínu í deildinni. Það má vera gott og göfugt markmið fyrir nýliða.

Gróttu rekur öflugt íþróttastarf og sinnir ýmsum greinum. Þar má nefna fimleika og einnig handbolta sem dæmi. Fótboltinn hefur verið að sækja sig á Seltjarnarnesi eins og úrslitin fyrir Gróttu báru vitni um á síðasta ári.

Gróttufólk og Seltirningar geta litið björtum augum fram á við. Þetta er vinna og aftur vinna. En ánægjan er líka hluti af dæminu. Verkefnið er í senn erfitt en göfugt. Engin ástæða er þó til þess að gerast tapsár. Það er ekki Seltirningum eiginlegt.

Nýr samstarfs- samningur Gróttu og Seltjarnarnesbæjar



Þróstur Þór Guðmundsson varaformaður Gróttu og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri við undirritun samstarfssamningsins en með þeim voru þau Haukur Geirmundsson, Sigríður Sigmarsdóttir og Kári Garðarsson.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Þróstur Þór Guðmundsson varaformaður Gróttu undirrituðu nýjan samstarfssamning þann 25 maí sl. Samningurinn lýtur að því markmiði að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf á Seltjarnarnesi. Um er að ræða þriggja ára samning sem gildir til 31. desember 2022.

Í samningnum kemur meðal annars fram að Gróttu skuli hafa það að markmiði að bjóða börnum og unglingum skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn menntaðra og hæfra leiðbeinanda þar sem forvarnargildi íþróttanna er haft að leiðarljósi. Einnig að hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það nái sem bestum árangri. Seltjarnarnesbær mun hafa það að markmiði að efla aðstöðu og treysta rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með beinum fjárframlögum og samningi um rekstur íþróttamannvirkja.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Forsetakosningar

27. júní 2020

Kjörfundur á Seltjarnarnesi er frá kl. 09.00 til kl. 22.00 í Valhúsaskóla við Skólabraut

Kjörskrá Seltjarnarnesbæjar liggur frammi, almenningi til sýnis frá 17. júní, á bæjarskrifstofum Seltjarnarness Austurströnd 2, í þjónustuveri á 1. hæð, á opnunartíma skrifstofunnar.

Kosning utan kjörfundar fer fram hjá sýslumönnum og á höfuðborgarsvæðinu fer hún í fyrstu eingöngu fram á 1. hæð í Smáralind, frá 25. maí til og með 14. júní nk. og er opið alla daga frá kl. 10.00-19.00.

Frá og með 16. júní til og með 26. júní nk. fer atkvæðagreiðslan fram á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. á 1. hæð í Smáralind, á 2. hæð í Smáralind og undir stúkunni á Laugardalsvelli. Þar verður opið alla daga milli kl. 10.00 og 22.00. Þó verður **lokað** miðvikudaginn 17. júní.

Á kjördag, laugardaginn 27. júní verður eingöngu opið á 1. hæð í Smáralind milli kl. 10.00 og 17.00 fyrir kjósendur sem eru á kjörskrá utan höfuðborgarsvæðisins.

Kjörfundur á Seltjarnarnesi þann 27. júní 2020, er í Valhúsaskóla við Skólabraut og hefst kl. 9.00 og lýkur kl. 22.00.

Kosið er í þremur kjördeildum, eins og verið hefur í undanförunum kosningum.

www.kosning.is – Kosningavefur innanríkisráðuneytisins er með ýmsar upplýsingar um kosningarnar t.d. uppflettingu á vefnum „hvar á ég að kjósa?“

Munið eftir persónuskilríkjum

Aðsetur kjörstjórnar Seltjarnarnesbæjar á kjördag er í Valhúsaskóla.

F.h. kjörstjórnar
Davíð B. Gíslason, formaður



Jóna Rán forstöðu- maður Selsins



Jóna Rán Pétursdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Selsins frá og með 1. ágúst næstkomandi. Jóna Rán, sem valin var úr hópi tíu umsækjenda, býr yfir víðtækri reynslu af starfi með börnum og ungmennum.

Hún er vel kunnug starfsemi Selsins, þar sem hún hefur starfað sem verkefnastjóri í Frístundamiðstöð Seltjarnarness frá árinu 2018 og komið að Skjóli/Frístund og Selinu á þeim tíma. Jóna Rán hefur auk þess haft yfirumsjón með sumarnámsskeiðum á vegum Seltjarnarbæjar, en áður hefur hún sinnt ýmsum störfum með börnum og unglíngum á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Jóna Rán er menntaður félagsfræðingur, en hún hefur einnig lokið M.Sc. í mannauðsstjórnun og diplóma í opinberri stjórnsýslu.

Samið við Skólamat

Í vetur var boðin út framleiðsla og framreiðsla matar fyrir leik- og grunnskóla sem og fyrir bæjarskrifstofur Seltjarnarbæjar fyrir árin 2020 til 2023. Seltjarnarbær samdi síðan við Skólamat ehf. Fyrirtækið mun ennfremur sjá um samantekt að máltíð lokinni í skólunum. Þrír aðilar tóku þátt í útboðinu og samþykkti bæjarstjórn á fundi sínum í vor að ganga til samninga við Skólamat ehf. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Axel Jónsson eigandi Skólamatar ehf. skrifuðu undir samstarfssamning þess efnis þann 28. maí sl. Við mat á tilboði var horft til verðs og reynslu rekstraraðila að sambærilegum verkefnum. Tilboð Skólamatar ehf. kom best út þegar tekið var tillit til verðs, gæða og reynslu. Samningurinn er til þriggja ára með möguleika á að framlengja tvisvar sinnum um eitt ár eða að hámarki til fimm ára.

Skólamat ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og framreiðslu á hollum og ferskum mat fyrir börn í leik- og grunnskólum. Fyrirtækið hefur yfir tuttugu ára reynslu í því að þjónusta börn á leik- og grunnskólaaldri. Á hverjum degi er maturinn undirbúinn í framleiðslueldhúsi Skólamatar í Reykjanesbæ. Þaðan er maturinn sendur beint í eldhús skólanna þar sem starfsfólk Skólamatar sé um að elda matinn rétt áður en að matartíma kemur sem tryggir ferskleika máltíða. Daglega er boðið upp á aðalrétt ásamt hliðarrétti sem eru alltaf vegan. Með öllum máltíðum er boðið upp á ferskt grænmeti og úrval ávaxta í meðlætisbar.

Í samstarfi við neringarfræðinga

Matseðlar Skólamatar eru unnir í samstarfi við neringarfræðinga sem tryggir að maturinn sé samkvæmt ráðleggingum Landlæknisembættisins um næringu barna. Á heimasíðu Skólamatar <https://www.skolamatur.is/> (Opnast í nýjum vafraglugga) má nálgast upplýsingar um matseðla ásamt neringarinnihaldi og innihaldslýsingum á öllum réttum. Skólamat ehf. mun kynna betur þjónustu sína



Samningurinn undirritaður. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Axel Jónsson eigandi Skólamatar skrifa undir samninginn. Að baki þeirra er Fanney Axelssdóttir mannauðsstjóri og Jón Axelsson framkvæmdastjóri Skólamatar.

þegar nær dregur skólasetningu í haust. Jón Axelsson, framkvæmdastjóri Skólamatar, segir að það sé afar ánægjulegt að fá tækifæri til þess að þjónusta íbúa Seltjarnarbæjar og hlakkar til samstarfsins.

Að sögn Ásgerðar Halldórsdóttur bæjarstjóra kveðst hún þess fullviss að fyrirtækið muni standa undir þeim væntingum sem sveitarfélagið gerir heilt yfir til þjónustu, gæða og fjölbreytni máltíða. Seltjarnarbær hefur verið heilsueflandi samfélag frá því að gengið var til samninga við Embætti Landlæknis í október 2018. Frá þeim tímapunkti hefur verið unnið markvisst að því að framkvæma og þróa ný verkefni í samstarfi við viðeigandi aðila.

„Seltjarnarbær lítur á það sem eitt af hlutverkum sínum að tryggja heilsusamlega næringu í skólum sveitarfélagsins hér eftir sem hingað til. Áfram verður stuðlað að hollu mataræði og heilbrigðum matarvenjum“ segir Ásgerður.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GALDRA FRAM VIÐ GRILLIÐ Í SUMAR?

POTTAGALDRAR
Með þér í sumar

Four seasoning containers are shown in the foreground, each with a different color and label: Lamb Íslandía, Þambingakrydd, Húsi Nvillakrydd, and Útstök- og grillkrydd. The background shows a grill with meat cooking over charcoal.



Breyttur opnunartími



Við bendum viðskiptavinum okkar á að opnunartími útibúa Íslandsbanka er nú frá **kl. 11 til 16 alla virka daga**. Nánari upplýsingar um opnunartíma útibúa um allt land má nálgast á islandsbanki.is.



Við vekjum athygli á að eldri borgarar geta **hringt í 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.





Starfsfólk sundlaugarinnar sat ekki auðum höndum

Það voru svo sannarlega sundþyrstir gestir sem mættu eldsnemma fyrir utan Sundlaug Seltjarnarness mánudaginn 18. maí þegar hún loks opnaði aftur eftir tveggja mánaða lokun vegna Covid19.

Starfsfólk sundlaugarinnar sat hins vegar ekki auðum höndum á meðan á lokuninni stóð heldur vann að viðhaldi og endurbótum. Allar vistaverur úti og inni voru margþrífarnar og laugarkerin sjálf sýrupvegin til þess að taka brúnu slykjuna sem myndast þar sem heita vatnið er notað án forhitunar. Á meðfylgjandi myndum má sjá mismuninn eftir sýrupvottinn. Því miður uppgötvaðist ekki fyrr en rétt áður en að laugin opnaði aftur að gólfflísar í eimbaði voru meira og minna lausar og ákveðið að endurnýja gólfíð alveg.

Haldið var árlegt skyndihjálparnámskeið og sundpróf fyrir starfsmenn sem stóðu sig afar vel. Nú fer í hönd háannatími sundlaugar og eru starfsmenn fullir eftirvæntingar að taka á móti gestum í sumarblíðunni.



Edda Líney, Árni Ármann og Ragnar Björn.

Edda Líney og Ragnar Björn hlutu viðurkenningar Rotarý

Rótarýklúbbur Seltjarnarness veitti 12. júní sl. sína árlegu viðurkenningu til nemenda í 10. bekk Grunnskóla Seltjarnarness fyrir góðan námsárangur og þrúða framkomu.

Í ár hlutu viðurkenninguna þau Edda Líney Baldvinsdóttir og Ragnar Björn Bragason sem eru á myndinni ásamt forseta Rótarýklúbbsins Árna Ármanni Árnasyni.

Kjöt

kompaní

GRILLUM
GRAND
— Í ALLT —
SUMAR

Hafnarfirði & Grandá

www.kjotkompani.is

☎ 578 9700

✉ kjotkompani@kjotkompani.is

📘 [kjotkompani](#)



aurum
BY
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | www.aurum.is

FRÍ HEIMSENDING HEIM AÐ DYRUM

SAMSTAÐA Í GRÓTTU

- spjallað við þjálfara hjá knattspyrnudeild Gróttu

Fyrir helgi gerði blaðamaður Nesfrétta sér ferð á Vivaldivöllinn þar sem knattspyrnudeild Gróttu hefur bækistöðvar sínar. Æfingar voru í fullum gangi á vellinum og í vallarhúsinu voru á annan tug sjálfboðaliða á þönum. Endurbætur á búningssklefum meistaraflokka voru á lokametrunum ásamt öðrum undirbúningi fyrir fyrstu heimaleiki sumarsins. Chris Brazell, yfirþjálfari yngri flokka Gróttu, heilsar okkur kumpánlega að enskum sið og fljótlega bætast Ágúst Gylfason og Magnús Örn Helgason, þjálfarar meistaraflukkanna, í hópinn.

„Mér fannst að fólkið sem hefur starfað og spilað fyrir Gróttu í mörg ár ætti skilið aðstöðu sem sæmir toppfótboltaliði. Uppgangurinn hér hefur verið ævintýralegur og margir þjálfarar, sjálfboðaliðar og leikmenn hafa leikið lykilhlutverk í honum. Það eru forréttindi fyrir mig að koma til starfa hjá Gróttu á þessum spennandi tímum,“ segir Chris sem var ráðinn til Gróttu í haust og hefur þegar framlengt samning sinn til 2022. Chris gengur með okkur um vallarhúsið og sýnir okkur glæsilega búningssklefa, myndskreytta vegg og nýja vinnu- aðstöðu þjálfara.

Klár í sögulegt sumar

„Hér eru allir að verða klárir í sögulegt sumar,“ segir Magnús Örn sem er á sínu öðru ári sem þjálfari meistaraflokks kvenna. Gróttu komst upp úr 2. deild í fyrra og leikur því í Lengjudeildinni í sumar. „Það er mikill munur á þessum tveimur deildum og alveg klárt mál að við þurfum að hafa fyrir hverjum



Ágúst Gylfason þjálfari meistaraflokks karla.

einasta leik. Okkur er spáð í fallbaráttu en ég hef miklu meiri trú á stelpunum en það. Þó við séum nýliðar í deildinni þá viljum við halda áfram að spila skemmtilegan fótbolta og gefa ungom og duglegum leikmönnum tækifæri til að spila í meistaraflökki.“ Daginn eftir að viðtalið var tekið lék Gróttu sinn fyrsta leik í Lengjudeildinni og vann góðan 1-0 sigur á Fjölni á Vivaldivellinum. Meðalaldur Gróttuliðsins var aðeins 19,6 ár í leiknum og gerðu stelpurnar virkilega vel í að sækja sigurinn á lokamínútum leiksins.

Allir leikir verða erfiðir

Sunnudagurinn 14. júní var sögulegur en þá lék karlalið Gróttu í fyrsta sinn í efstu deild. Ágúst



Magnús Örn Helgason þjálfari meistaraflokks kvenna.

Gylfason tók við liðinu í haust og stýrði strákunum í frumrauninni gegn sterku liði Breiðabliks. Seltirningar fjölmenntu í Kópavoginn og studdu vel við bakið á sínum mönnum en lokatölur urðu 3-0 Blikum í vil. Ágúst vill ekki að fólk afsaki sig með því að tala um styrk andstæðinga. „Breiðablik er með frábært lið og sömuleiðis Valur sem við mætum á laugardaginn. Við getum ekki velt okkur upp úr því og beðið eftir léttari leikjum. Gróttu er í deild hinna bestu og þar munum við einungis mæta sterkum og vel þjálfuðum liðum. Við verðum að mæta grimmir í hvern einasta leik og spila af krafti í 90 mínútur.“

Ágúst er þrautreyndur þjálfari sem stýrði Fjölni og Breiðabliki í úrvalsdeild áður en hann kom

á Nesið. Hann finnur fyrir miklum stuðningi bæjarbúa og líkar lífið í Gróttu: „Umgjörðin í kringum fótboltann í Gróttu er frábær miðað við stærð félagsins og aðstaðan er nú orðin ennþá betri. Það var gaman að fylgjast með samstöðunni í kringum framkvæmdirnar þar sem margir sjálfboðaliðar hjálpuðust að. Fólk tók öllum hugmyndum með opnum huga og markmið allra er að leikmönnum og þjálfurum líði vel á svæðinu.“ Chris tekur undir þetta: „Ég vona líka að endurbæturnar í vallarhúsinu verði hvetjandi fyrir yngri iðkendur. Að krakkarnir finni fyrir metnaði og ástríðu innan félagsins.“



Unnið að breytingum á búningssklefa hjá Gróttu.



Glæsilegir myndskreytir veggir.

Verðum að vilja meira

En hver eru markmið liðanna í sumar? Ágúst hefur orðið: „Það er alveg ljóst að við stefnum að því að halda sæti okkar í deildinni. Það er krefjandi verkefni með ungan og óreyndan hóp en það er allt hægt í fótbolta. Þetta eru spennandi tímar í Gróttu og ég er þakklátur fyrir tækifærið að fá að fylgja strákunum þessi skref með góðan stuðning á bak við liðið. Árangur síðustu ára var frábær en þú þarft alltaf að vilja meira í íþróttum.“ Magnús Örn tekur í sama streng: „Stelpurnar eru einnig á nýjum slóðum þó að

stökkið milli ára sé ekki alveg eins stórt og hjá strákunum. Við ætlum að gera okkur gildandi í deildinni og byggja ofan á síðustu tímabil hjá liðinu. Markmiðin innan hópsins eru skýr og nú þurfum við að láta verkin tala.“ Chris bætir svo við að lokum: „Ég hvet alla til að mæta á völinn í sumar og styðja við bakið á strákunum og stelpunum. Gleymum heldur ekki Kríu í 4. deild þar sem gamlir Gróttuleikmenn spila í bland við stráka úr 2. flokki. Hvort sem þú ert 7 ára eða 25 ára þá verður gaman í Gróttu sumar.“

Við kveðjum þremmenningana og



Nýi búningsklefinn lítur glæsilega út.

höldum út í hlýtt sumarkvöldið. Á leið minni heim hugsa ég 15-20 ár aftur í tímann og minnst þess þegar karlalið Gróttu lék í 3. deild,

kvinnafótbolti var varla til á Nesinu og aðstaðan var nánast engin. Ætli það sé raunverulega allt hægt ef viljinn er fyrir hendi?

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Arna
ís- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 21.
Eiðistorgi 15
facebook.com/arnaisogkaffi





Fallið frá hverfisvernd við Bakkavör

Skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarnesbæjar hefur lagt til að fallið verði frá hverfisvernd húsanna 3, 5, 7, 9 og 11 við Bakkavör. Einnig verði fallið frá grenndarkynningu þar sem samþykki eigenda þeirra fasteigna sem hverfisverndin nær yfir liggja nú þegar fyrir og aðrir ekki taldir eiga hagsmuna að gæta utan þeirra og sveitarfélagsins sjálfs.

Nefndin leggur enn fremur áherslu á að haldið sé í heildstætt

yfirbragð byggðarinnar á þessu svæði eins og kostur er þrátt fyrir að hverfisvernd verði aflétt og að það komi fram í skilmálum deiliskipulagsbreytingar. Húsið við Bakkavör 5 liggur undir skemmdum og ljóst að ekki er hægt að framkvæma múrviðgerðir á húsinu. Bæjarstjórn hefur samþykkt samhljóða afgreiðslu Skipulags- og umferðarnefndar.

Búsetukjarninn ákveðinn



Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur staðfestir umsókn Ásgerðar Halldórsdóttur bæjarstjóra fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar um stofnframlag vegna byggingar á búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Seltjarnarnesi.

Bæjarstjórn hefur með með umsókn sinni staðfest samþykki fyrir veitingu 12% stofnframlags og eftir atvikum 4% viðbótarframlags. Lóðaúthlutun hefur verið ákveðin við Kirkjubraut 20 og er nú í deiliskipulagsferli vegna ákvörðunar um búsetukjarnann og staðfestingu lóðaúthlutunar við Kirkjubraut.

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ
ÞJÓNUSTA YKKUR
Í HAUST

Hollt, ferskt og eldað frá grunni

SKÓLA MATUR
Íðavellir 1 - 230 Reykjanesbær | Sími: 420 2500
skolamatur.is | skolamatur@skolamatur.is



Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.

BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnað að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.

Íþnaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



- | | | | | | | |
|--|--|---|---|---|--|--|
| STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000 | Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000 | Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800 | Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510 | Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200 | Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085 | Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244 |
|--|--|---|---|---|--|--|



Seltjarnarnes í varnarbaráttu í samgöngumálum

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi segir að bærinn eigi ekki að þurfa að vera í stanslausri varnarbaráttu með samgöngur til og frá bæjarfélaginu. Hún kveðst ósátt við þær fyrirætlanir Reykjavíkurborgar að setja upp gangbrautarljós á sex stöðum á Eiðsgranda, sem er önnur helsta akbrautin á Nesið. Ekkert samráð hafi verið haft við Seltirninga.

Ásgerður telur málið stærra. Verið sé að lækka leyfilegan hámarks- hraða á stofnbrautum í Vesturbænum og grípa til ýmissa annarra ráðstafana sem til boga séu fyrir Seltjarnarnes. „Gönguþveranir við götu sem leiðir umferð til Seltjarnarness eru til marks um yfiringang af hálfu Reykjavíkurborgar. Stjórnvöld verða að grípa inn í og tryggja að ekki verði hróflað við þjóðvegum og stofnbrautum nema með samþykki og í góðri sátt við þau sveitarfélög sem hagsmuna hafa að gæta.“ segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Eftir samkomubann

Eftir afléttingu fjöldatakmarkana og samkomubanns hófst félags og tómstundastarfið hér hjá okkur, við skulum segja eins og lítið hafi í skorist. Það var mikill léttir fyrir alla að fá að koma saman aftur og komast í fyrri rútínu. Þó svo að nánast allir viðburðir í mars, apríl og maí hafi dottið út þá sjáum við fyrir okkur að dagskráin verði þéttsetin í sumar og næsta vetur ef ekkert óvænt kemur uppá. En fyrir mestu er þó að allir okkar þátttakendur í félagsstarfinu hafa sloppið við veiruna slæmu.

Sumar

Nú er sumarið komið og dagskrá sem gildir frá 8. júní fram til 14. ágúst hefur verið borin út til allra 67 ára Seltirninga og eldri.

Það eru flott ungmenni sem taka við keflinu í sumar og stýra dagskránni, koma inn með nýtt blóð og nýjar hugmyndir. Hvetjum alla til að kynna sér dagskrána og fylgjast með því sem í boði er og taka þátt.

Sumarkveðja frá Kristínu.

Nú fer ég í sumarfrí og vil ég óska ykkur gleðileg sumar hvet ykkur til þátttöku í starfinu í sumar og ég hlakka til að sjá ykkur seinna í ágúst.

Kynning frá Tómasi Gauta og Önnu Soffiu

Við erum rosalega spennt fyrir sumardagskránni með ykkur. Fastir liðir verða á sínum stað eins og botsía, félagsvist, bingó og fleira en við munum líka vera með tækninámskeið út júní þar sem þið getið lært á spjaldtölvur og snjallsíma. Hægt er að sjá dagskrána fyrir hvern dag bæði í Morgunblaðinu sem og facebook hópnum okkar sem heitir „Eldri borgarar á Seltjarnarnesi.“ Við ætlum að gera nýja skemmtilega hluti líka í sumar sem verður auglýst þar og því hvetjum við ykkur til að fylgjast með dagskránni. Þetta verður æðislegt sumar hjá okkur eftir erfiða mánuði og verður gaman að sjá ykkur taka þátt. Ég er viss um að við munum sjá mörg ykkar í sumar og erum við ótrúlega glöð að eyða sumrinu með ykkur. Hlökkum til að sjá ykkur og ef þið eruð með einhverjar spurningar megið þið endilega vera í bandi við okkur. Við óskum ykkur gleðilegs sumars!

Endilega kikið við á Skólbrautinni.

Kær kveðja.

Tómas Gauti og Anna Soffía

Netfang Tómasar og Önnu: tommigje@gmail.com

annasoffia98@gmail.com

Símanúmer Tómasar: 822 0393

Símanúmer Önnu Soffiu: 823 6986.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



www.systrasamlagid.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Börn í leikskóla Seltjarnarness sýna á HönnunarMars

Eldurinn í jörðinni - börn á 5. aldursári í Leikskóla Seltjarnarness taka þátt í HönnunarMars 2020. Sýningin er unnin af 17 börnum á deildinni Eiði í Leikskóla Seltjarnarness. Verkið samanstendur af eldfjalli, 17 skúlptúrum og skissum af jörðinni með þeirra augum, málverkum og hraunmolum. Gestir fá einstaka innsýn í sköpunar- og könnunarferlið með myndbandi, hugarkortum og ljósmyndum.

Þannig verður áhorfandinn vitni að þekkingarleit barnanna og sér hvernig hugmyndir og vitneskja um viðfangsefnið þróast yfir verkefnatímamann. Sýningin fór hratt stækkandi í ferlinu og var unnin og sett upp með góðri aðstoð fjölskyldna barnanna og velunnara. Umsjón með verkefninu hafði Kristín Vilborg Sigurðardóttir leirlistakona. Unnið var eftir könnunaraðferðinni eða project approach. Þannig er unnið með þemað jörðina og rannsóknir á því út frá áhuga barnanna. Í ferlinu var meðal annars tekið á móti börnunum í Háskóla Íslands þar sem dr. Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor og deildarforseti jarðvísindadeildar, svaraði spurningum barnanna og ræddi við þau um eldfjöll. Heimsóknin hafði mikil áhrif á listamennina sem unnu hvert sitt málverk strax í kjölfarið. Sjálfbærni og endurnýting var leiðarljós í vinnunni og er t.d. allur efniviður verkanna endurvinnanlegur. Eldurinn í jörðinni opnar í bókasafni Norræna Hússins 23. júní kl. 16 þar sem börnin bjóða fjölskyldu og velunnara velkomna. Sýningin verður opin almenningi sem hluti af HönnunarMars 2020 24. til 28. júní kl. 10 og 17.



ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finndu okkur á
Facebook

www.borgarblod.is

Mætum á völlinn í sumar og styðjum Gróttu til sigurs!



Meistaraflokkur, karla í knattspyrnu í Gróttu 2020.



Meistaraflokkur, kvenna í knattspyrnu í Gróttu 2020.





Sjöundi flokkur kvenna á Nettómóti



Gróttustelpur í sjöundi flokki kvenna.

Sjöundi flokkur kvenna hélt til Keflavíkur í sól og blíðu laugardaginn 6. júní til að keppa á Nettómóti Keflavíkur. Gróttu fór með 30 stelpur í 5 liðum.

Stelpurnar skemmtu sér vel og fengu loksins að spila helling af fótbolta. Milli leikja var skellt sér í bíó og svo að öllum leikjum loknum var pizza-partý þar sem Jói P. og Króli spiluðu fyrir dansi. Að mótinu loknu skelltu stelpurnar sér í íþróttahúsið þar sem hópurinn gisti saman.

Sjöundi og áttundi á VÍS móti Þróttar



Gróttustelpur í áttunda flokki kvenna.

Sjöundi flokkur karla og áttundi flokkur karla og kvenna skelltu sér á VÍS mót Þróttar Laugardaginn 31. maí. Sumir voru að fara á sitt fyrsta mót á ævinni en allir á sitt fyrsta mót í langan tíma.

Gróttu fór með þrjú lið úr áttunda flokki karla, eitt lið úr áttunda flokki kvenna og tvö lið úr sjöunda flokki karla. Krakkarnir voru hress og kát innan sem utan vallar og greinilegt að það var mikið fjör að fá loksins að keppa í fótbolta.

Sumarnámskeið fyrir 4. og 5. flokk



Fyrir krakka fædda 2006-2009

Námskeið 1: Styrktarnámskeið undir stjórn Þórs Sigurðssonar 10-19. júní. Miðvikudag 10. júní, föstudag 12. júní, mánudag 15. júní og föstudaginn 19. júní kl. 10.30-12.00. Verð: 7.500 kr.

Námskeið 2: Hlaupatækninámskeið undir stjórn Brynjars Gunnarssonar 22.-3. júlí. Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 10.30-12.00. Verð: 7.500 kr.

Námskeið 3: Knattspyrnuakadema Péturs Rögnvaldssonar 6.-10. júlí. Mánudaga-fimmtudaga, kl. 10.30-12.00. Verð: 10.000 kr.

Námskeið 4: Knattspyrnuakadema Péturs Rögnvaldssonar 13.-17. júlí. Mánudaga-fimmtudaga, kl. 10.30-12.00. Verð: 10.000 kr.

Námskeið 5: 20.-31. júlí, auglýst nánar síðar.

Skráning fer fram á grotta.felog.is

VIVALDI



www.grotta.is

Knattspyrnuskóli Gróttu



fyrir börn fædd 2010-2014

Hvert námskeið er í tvær vikur frá 9-12 en boðið er upp á viðveru frá kl. 8. Skráning fer fram á grotta.felog.is

Námskeið 1: 10-19. júní. Verð: 5.530 kr.

Námskeið 2: 22. júní-3. júlí. Verð: 7.900 kr.

Námskeið 3: 6.-17. júlí. Verð: 7.900 kr.

Námskeið 4: 20-31. júlí. Verð: 7.900 kr.

Hægt er að kaupa 1/2 námskeið á hálfvirði

VIVALDI



GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170



1X2
GETRAUNIR.IS

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Björn Breiðfjörð Valdimarsson, 25 ára gamall knattspyrnuþjálfari hjá Gróttu. Björn spilaði með Gróttu í öllum flokkum og hefur þjáfað hjá félaginu í 9 ár.

Fullt nafn? Björn Breiðfjörð Valdimarsson.

Fæðingard. og ár? 24. febrúar 1995.

Starf? Knattspyrnuþjálfari.

Farartæki? Hyundai i20.

Helstu kostir? Jákvæður.

Eftirlætis matur? Humar ala Vivaldi.

Eftirlætis tónlist? Allt með

Basshunter.

Eftirlætis íþróttamaður? Riquelme og Lebron James.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Brooklyn 9-9 þessa dagana.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Legacy.

Uppáhalds leikari?

Denzel Washington.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

The Dark Knight.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Fer í Gulagið með the boys.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Stykkishólmur.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Heiðarleiki.



Hvern vildir þú helst hitta?

Marcelo Bielsa.

Uppáhalds vefsíða? ksi.is

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Pening.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

10 milljónir í happdrætti?

Kaupa mér íbúð.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag?

Rífa hlaupabrautina burt af

Vivaldi stadion.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Lifa hamingjusömu lífi.

Hvað stefnir þú að gera í

sumarfríinu? Verð á Vivaldi vellinum

og öllum helstu völlum landsins þetta sumarið.

SUMARIÐ ER TÍMINN!



Landsins fegursta úrval af jógaörum
Korkurinn er framtíðin. Þú þarft aldrei jógahandklæði.
Hugleiðsluþóar. Augnhvílur. Strappar. Lífraen bómuill.



Íslenskur aðalbláberjalatte
fyrir ónæmiskerfið og hjartað.



Blanda af því besta er uppáhald okkar allra. Prófaðu.



Dekraðu við þig með Wild Grace
ólíum, andlitsserum og ílmum.
Einstök gæði.



Nailberry eru sterk og falleg
og næra og anda.
Án 12 skaðlegustu efnanna og vegan.

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Tryggðu grunninn með Viridian vítamínum og bætiefnum.
Eins virk og hrein og hægt er að hafa vítamín.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

www.systrasamlagid.is





EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI